

For legal reasons, any translation into English, or quotation or distribution of this document, and its content, in countries coming under the jurisdiction of the courts of England and Wales, is strictly forbidden

## **Útdráttur úr aðilaskýrslu Hannesar H. Gissurarsonar, sem lögð er fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 25. nóvember 2005**

- Málið snýst um tvenn ummæli um Jón Ólafsson á heimasíðu Hannesar H. Gissurarsonar, sem vistuð var á vef Háskóla Íslands. Önnur féllu á ráðstefnu norænna blaðamanna haustið 1999, hin voru texti við mynd á heimasíðunni.
- Strax og Hannesi H. Gissurarsyni barst bréfleg hótun um málshöfðun frá lögmanni Jóns Ólafssonar í Lundúnum í júní 2004, óskaði hann eftir því bréflaga við Háskóla Íslands, 3. júlí 2004, að heimasíðu sinni yrði lokað, og tilkynnti lögmanninum um þá ósk sama dag. Af handvömm varð vefstjóri Háskólans ekki við ósk Hannesar.
- Þegar Hannesi hafði verið stefnt, ítrekaði hann ósk sína um, að heimasíðunni yrði lokað. Var þá orðið við óskinni. Ástæðan var ekki sú, að hann teldi ummæli sín röng eða óviðeigandi, heldur, að hann vildi komast hjá illdeilum við Jón Ólafsson.
- Eftir að Hannes hafði fengið hótun um málshöfðun, skrifaði hann dómsmálaráðuneytinu með fyrirspurn um það, hvort Jón gæti stefnt sér fyrir dómstól erlendis og hvort hugsanlegur úrskurður slíks dómstóls væri aðfararhæfur á Íslandi. Af svari dómsmálaráðuneytisins mátti skilja, að varnarþing Hannesar væri hér á landi, svo að ákvæði Lugano sáttmálans um fullnustu dóma í einkamálum milli Evrópulanda ættu hér ekki við.
- Hannes leitaði líka til lögfræðings Háskólans, sem komst að sömu niðurstöðu í munnlegu svari. Eftir þessa ráðgjöf dómsmálaráðuneytisins og lögfræðings Háskólans ákvað Hannes að taka ekki til varna fyrir hinum breska dómstól, þar sem Jón hafði höfðað málið.

- Hannes taldi sig bundinn af íslenskum lögum, ekki breskum. Íslensk lög gera ráð fyrir mjög rúmu tjáningarfrelsi, sem er sérstaklega stjórnarskrárvarið. Í úrskurðum dómstóla í meiðyrðamálum hin síðari ár hefur gætt ríkrar tilhneigingar til að verja tjáningarfrelsi.
- Á Íslandi gilda líka fastar reglur um stefnubirtingu og varnarþing, sem ekki var farið eftir í hinu breska máli. Hér er aðalundantekningin frá því, að varnarþing manns sé bundið búsetu, þegar stofnað hefur verið til tjóns annars staðar, en ekki er við það miðað, hvar tjónið kom fram. Samkvæmt þessari reglu ætti varnarþingið eftir sem áður að vera á Íslandi.
- Það er almennt viðurkennd regla, að lög eigi að vera fyrirsjáanleg og eðlileg, en lagareglur spretti ekki upp öllum að óvörum og bitni á óviðbúnum mönnum, enda skapar það réttaróvissu. Sú regla nýtur ekki almennrar alþjóðlegrar viðurkenningar, að birting á enskum texta á Netinu jafngildi fullri birtingu í enskumælandi löndum. Til dæmis má nefna nýlegan dóm í Kanada.
- Það er enn fremur viðurkennd regla í Lugano sáttmálanum um fullnustu dóma í einkamálum í Evrópulöndum, að dómur verða ekki fullnustaður, ef hann stríðir gegn allsherjarreglu í landinu, þar sem hinn dæmði hefur búsetu.
- Bandarískir dómstólar hafa til dæmis ákveðið að fullnusta ekki meiðyrðadóma frá Bretlandi, þar sem þeir stríði gegn fyrsta viðbótarákvæði stjórnarskrárinnar, First Amendment, um prentfrelsi.
- Þar sem Hannes tók ekki til varna í Bretlandi, kom hann ekki fram sjónarmiðum sínum þar. Þau eru, að ummæli hans séu sönn og myndu ekki valda sakfellingu á Íslandi, enda séu þau sögð um mann, sem hafði sig mjög í frammi opinberlega, átti stórt fjölmiðlafyrirtæki og blandaði sér hiklaust í stjórnmalabaráttuna.
- Eftir að Jón Ólafsson hafði hafið innheimtuaðgerðir hér á landi vegna dómsins í Bretlandi, hringdi Hannes í Jón og spurði, hvort þeir ættu ekki að láta deilur milli sín falla niður. Jón kvaðst ekki vera reiðubúinn til þess. Hann ætlaði að innheimta þær 12 millj. kr., sem sér hefðu verið dæmdar. Hannesi er því nauðugur einn kostur að gera frekari grein fyrir ummælum sínum og sýna, að fullt tilefni hefði verið til þeirra.

- Fyrrí ummælin eru efnislega, að Jón Ólafsson sé ruddalegur náungi og fullyrt hafi verið, að hann hafi komið undir sig fótunum með sölu ólöglegra fíkniefna; hann sé líka kunnur að hörku í viðskiptum og hafi gert stjórnámálamenn fjárhagslega háða sér. Seinni ummælin eru efnislega, að samkvæmt skattframtölum hafi Jón Ólafsson óverulegar tekjur á Íslandi, á sama tíma og fréttir birtust um það, að hann lifi í miklum munaði.
- Það er auðvelt að sýna fram á, að Jón Ólafsson er ruddalegur náungi. Fjöldi manns bera því vitni, til dæmis í *Heimsmynd* 1990. Það varð raunar líka bert fyrir skemmstu, þegar hann sagði opinberlega sögur af drykkjuskap skattrannsóknastrjóra, sem hefur verið bindindismaður í þrjátíu ár, og af ræðuhöldum um sig í fimmtugsafmæli Þórarins Eldjárns, sem reyndust vera um Jón Ólafsson Indíafara.
- Til frekari staðfestingar því, að Jón Ólafsson sé ruddalegur náungi, má nefna Hæstaréttardóm nr. 230/1977, sem kveðinn var upp 8. febrúar 1980. Jón Ólafsson játaði í yfirheyrslu að hafa tekið orlofsávísun manns, sem bjó í sama húsi, hafa falsað undirskrift hans og umboð til sín og leyst ávísunina út í pósthúsi. Rithandarsérfræðingur komst að þeirri niðurstöðu, að rithönd Jóns væri á hinni fölsuðu ávísun og umboðinu. Jón var því sakfelldur í héraðsdómi. En áður en málið kom til Hæstaréttar, hafði hálfbróðir Jóns tekið á sig sökina, svo að Jón var sýknaður í Hæstarétti.
- Það er líka auðvelt að sýna fram á, að fullyrt hafi verið, að Jón Ólafsson hafi komið undir sig fótunum með sölu ólöglegra fíkniefna. Það kom fram í grein Gunnars Smára Egilssonar í *Pressunni* 11. október 1990. Þá var Jón ekki nefndur með nafni, en upplýst var í nóvemberblaði *Heimsmyndar* 1990, að átt væri við hann. Í *Morgunpóstinum* 23. mars 1995 var aðalfyrirsögn: „Jón Ólafsson í Skífunni bendlaður við fíkniefnamisferli.“ Þar var birt úr lögregluskýrslum um Jón, sem hann hafði sjálfur skrifað undir, þar sem fram kom, að hann hefði flutt inn og selt ólögleg fíkniefni. *Helgarpósturinn* birti nokkrar fréttir í viðbót um hugsanleg tengsl Jóns við innflutning ólöglegra fíkniefna. Þar á meðal birti blaðið bréf frá hálfbróður Jóns, — þeim hinum sama og játað hafði á sig ávísanafölsunina, sem Jón hafði verið sakfelldur fyrir í héraðsdómi, — þar sem hann bað mann, sem skuldaði honum fé vegna innflutnings ólöglegra fíkniefna, að greiða Jóni, þar sem hann sæti sjálfur í fangelsi erlendis.
- Í *Morgunpóstinum* 23. mars 1995 var vikið að dómi, sem kveðinn var upp 25. febrúar 1982 yfir Jóni Ólafssyni í Sakadómi í ávana- og fíkniefnum, nr.

203/1975. Þar lágu fyrir lögregluskýrslur um margvísleg brot Jóns, undirritaðar af honum sjálfum. En vegna þess að málið hafði tafist stórlega í meðferð dómstólsins, var málið talið fyrnt, svo að Jón og aðrir sakborningar voru sýknaðir.

- Ekki er síður auðvelt að sýna fram á, að Jón Ólafsson er harðleikinn í viðskiptum. Það segja nánast allir gamlir viðskiptafélagar hans. Sérstaklega má benda á bók þá, *Jónsbók*, sem kom út 2005, en hún var skrifuð á vegum Jóns Ólafssonar. Þar er fjöldi ummæla í þá átt.
- Í fjórða lagi er auðvelt að sýna fram á, að Jón Ólafsson gerði stjórnámálamenn fjárhagslega háða sér. Hann lýsti beinlínis yfir í *Heimsmynd* 1987, að hann ætlaði sér að gera það. Hann lánaði R-listanum, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttur veitti forystu, fyrir auglýsingum á Stöð tvö 1994, eins og fram kom í *Helgarpóstinum* 10. og 17. ágúst 1995. Eftir að Ingibjörg Sólrún var orðin borgarstjóri, réð fyrirtæki Jóns eiginmann hennar í stöðu yfirmanns.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir reyndi tvisvar samkvæmt blaðfréttum að úthluta Jóni Ólafssyni verðmætum lóðum, fyrst í Mjóddinni, síðan í Laugardal. Strax eftir kosningar 2002 keypti hún af honum svonefndan Stjörnubíósreit við Laugaveg, og gagnrýndi borgarstjórnarminnihlutinn þau kaup harðlega. Ingibjörg Sólrún var samkvæmt blaðfréttum gestur í glæsilegu húsi Jóns í Lundúnum. Í svokallaðri Borgarnesræðu, sem hún hélt í febrúar 2003, í upphafi kosningabaráttu sinnar, lýsti hún efasemdum um það, að skattrannsókn á Jóni ætti efnislegar rætur.
- Fleiri heimildir eru til um það, að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hugsanlega aðrir stjórnámálamenn séu eða hafi verið fjárhagslega háðir Jóni Ólafssyni, þar á meðal vitnisburðir tveggja Samfylkingarmanna, þeirra Þrastar Emilssonar og Ásgeirs Friðgeirssonar, í tölvuskeytum til Björns Bjarnasonar og Hannesar H. Gissurarsonar.
- Í fimmta lagi er auðvelt að sýna fram á það, að Jón Ólafsson greiddi um árabíl skatt af óverulegum tekjum hérlendis, þótt hann hefði hér mikil umsvif og ætti sjónvarpsstöð. Samkvæmt upplýsingum *Frjálsrar verslunar* voru mánaðarlaun Jóns 1997 803 þús. kr., 1998 79 þús. kr., 1999 33 þús. kr., 2000 99 þús. kr. og 2001 1.905 þús. kr. Samkvæmt fréttum *Séð og heyrt* og fleiri blaða átti Jón glæsileg hús við Stigahlíð og í Lundúnum og íbúð í Cannes. Kona hans gekk um í mjög dýrum kjólum að sögn *Séð og heyrt*, og

þegar fjölskyldan þurfti að hraða sér frá skíðastöðum, pantaði hún þyrlu undir sig.

- Jón Ólafsson heldur því fram, að hann hafi flust til Bretlands árið 1998. En hann gegndi samt sem áður stöðu ræðismanns Indónesíu á Íslandi frá 2001, hann átti hús á Íslandi og var hér oft, og lögheimili hans var, eftir því sem næst verður komist, á Íslandi til 2002. Hann seldi ekki heldur fyrirtæki sín á Íslandi fyrr en 2003. Rekstrarárið 2000-2001 var aðeins 6% af fjárfestingum hins erlenda eignarhaldsfélags Jóns, Inuit Enterprises, ótengdar Íslandi.

- Þótt í ummælum Hannesar fælust ekki brigsl um skattsvik, heldur aðeins ábending um þær tvær athyglisverðu staðreyndir, að Jón greiddi skatt af litlum sem engum tekjum á Íslandi og að hann lifði á sama tíma í miklum munaði, má benda á, að skattrannsóknastjóri tók skattskil Jóns til rannsóknar í febrúar 2002. Birti *Morgunblaðið* frétt um það 14. febrúar 2003, að vanframtaldar fjárhæðir væru verulegar samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra. Sjálfur heldur Jón því fram opinberlega, að vanframtaldar fjárhæðir að mati skattrannsóknastjóra nemi nú „aðeins“ 600 milljónum króna.

- Það er því deginum ljósara, að öll þessi ummæli Hannesar voru sönn. Þau voru líka sögð um mann, sem var í sviðsljósinu að eigin frumkvæði, en fram kemur í bók þeirri eftir Einar Kárason, sem skrifuð var á vegum Jóns, að hann hafi jafnvel reynt að hafa úrslitaáhrif á stjórnarmyndun 1999. Vann hann að því, að Sjálfstæðisflokkurinn yrði rekinn úr stjórn, en Samfylkingin myndaði stjórn með Framsóknarflokknum.

- Jón Ólafsson eða menn honum handgengnir hafa mótmælt sumum þeim fullyrðingum, sem vitnað er hér til úr fjölmiðlum. Þessar fullyrðingar gáfu að vísu tilefni til ummæla Hannesar, en þyki ekki fullsannað, að tilefnið hafi verið nægilegt, er hægur vandi að kveðja til vitni um þau og fá úr málum skorið.

- Aðalatriðið er það, vegna þess að fullt tilefni var ummæla Hannesar Hólmstein og þau féllu í frjálsum umræðum á Íslandi um mann, sem lét mjög að sér kveða og var mjög umdeildur, að þau teldust ekki bótaskyld né refsiverð háttsemi á Íslandi. Þess vegna væri rangt að fullnusta dóm frá Bretlandi um þessi ummæli. Það stríðir gegn íslenskri allsherjarreglu.

**Aðilaskýrsla**  
**eftir**  
**Hannes H. Gissurarson**

**lögð fyrir Héraðsdóm í Reykjavík**  
**25. nóvember 2005**

For legal reasons, any translation into English, or quotation or distribution of this document, and its content, in countries coming under the jurisdiction of the courts of England and Wales, is strictly forbidden

## Fyrsti hluti: Inngangur

Þetta mál hófst á því, að Friðrik Rafnsson, vefstjóri Háskóla Íslands, fékk bréf frá lögmanni Jóns Ólafssonar, Sigríði Rut Júlíusdóttur, 9. október 2003, þar sem fram kom, að hún teldi, að hann bæri ritstjórnarlega ábyrgð á öllu því, sem birt væri á vef háskólans, og krafðist þess, að hann fjarlægði ummæli þau, sem væru á heimasíðu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar. Þessu bréfi var svarað af lögfræðingi háskólans, Tryggva Þórhallssyni, sem sagði, að háskólinn bæri ekki ábyrgð á því efni, sem vistað væri á vef hans. Hannes H. Gissurarson hefði ákveðið að flytja efni sitt yfir á sjálfstæða heimasíðu svo fljótt sem auðið væri, helst fyrir árslok. Ekki varð úr því vegna óvæntra anna.

Hannesi H. Gissurarsyni barst bréf frá lögmannsfyrirtækinu Spring Law, dags. 8. júní 2004, þar sem hann var beðinn að draga til baka tiltekin ummæli á heimasíðu sinni, biðjast afsökunar á þeim og heita því að endurtaka ekki slík ummæli. Hann brást við með því að biðja vefstjóra háskólans, Friðrik Rafnsson, 3. júlí að loka heimasíðu sinni til bráðabirgða. Hannes skrifaði líka samdægurs hinu breska lögmannsfyrirtæki svohljóðandi bréf:

I recently received your letter with comments on my homepage on the Internet, based at the University of Iceland.

I should inform you that I made a decision at the end of 2003 completely to revise the homepage, and to take out some items and to add others. Unfortunately, I have been very busy so that I have not found the time to make the revision envisaged. I hope to do so in the summer.

I have asked the University of Iceland technical staff to disconnect my homepage meanwhile, as I appreciate the many comments made by my readers of the necessity to revise it. I am travelling in the U. S. in the next few days and possibly weeks so I am unable to monitor how fast the University staff will proceed with my request, while of course at present there are extensive summer vacations at the University.

Fyrir handvömm lokaði Friðrik Rafnsson ekki síðunni.

Jafnframt skrifaði Hannes dómsmálaráðuneytinu svohljóðandi bréf sama dag, 3. júlí 2004:

Virðulega ráðuneyti,

mér hefur borist bréf (hjálagt í ljósriti) frá mönnum, sem segjast vera lögfræðingar í Lundúnum í Stóra-Bretlandi. Kveðjast þeir tala í umboði Jóns Ólafssonar, fyrrverandi aðaleiganda fjölmiðlafyrirtækisins Norðurljósa, og telji þeir ummæli um Jón á ensku á heimasíðu minni á Netinu meiðandi fyrir hann. Hyggjast þeir, eins og fram kemur í bréfinu, höfða mál gegn mér fyrir breskum dómstólum vegna þessara ummæli.

Af þessu tilefni vil ég grennslast fyrir um það, hvort

- 1) samningar milli Íslands og annarra ríkja leyfi það, að Jón Ólafsson eða menn í umboði hans geti höfðað mál gegn mér í Bretlandi eða annars staðar fyrir hugsanleg meiðyrði á ensku á heimasíðu minni, sem er vistuð í Háskóla Íslands í Reykjavík,
- 2) samningar milli Íslands og annarra ríkja leyfi það, að hugsanlegur úrskurður í slíku máli fyrir dómstólum erlendis sé aðfararhæfur hér á landi.

Ég vona, að ráðuneytið geti leyst úr þessu erindi mínu eða beint því til aðila, sem geta það.

Hannes fékk svar frá tveimur lögfræðingum í dómsmálaráðuneytinu, Stefáni Eiríkssyni og Hólmsteini Gauta Sigurðssyni. Þar var skýrt frá Lúganósamningnum um dómssvald og fullnustu dóma, og sagði síðan:

Um varnarþing gilda ákvæði II. hluta samningsins. Það er aðalregla, að menn megi lögsækja, þar sem þeir eiga heimili, sbr. 2. gr., og skiptir þá ríkisfang ekki máli í því sambandi. Þetta er það, sem nefnt hefur almennt varnarþing, og fjalla 2. til 4. gr. samningsins nánar um þetta. Í 5. gr. er undantekningarregla, sem felst í svonefndu sérstöku varnarþingi. Með því er átt við, að lögsækja megi mann í einu samningsríki, þótt hann sé búsettur í öðru samningsríki, þegar sérstaklega stendur á. Til þess að þetta teljist fær leið, verða að vera fyrir hendi sérstök rök því til réttlætningar. Vísast að öðru leyti til umræddrar 5. gr. samningsins þessu til skýringar. Um meginreglu, er varða einkaréttarlega málsókn fyrir breskum dómstólum, fer vitaskuld samkvæmt breskum réttarreglum, og verður í sjálfu sér gengið út frá því, að mönnum sé nokkurn veginn frjálst að stefna málum fyrir þarlenda dómstóla að uppfylltum þarlendum lagaskilyrðum. Hins vegar verður ekki með góðu móti séð, að málsókn fyrir breskum dómstólum, er varða slík sakarefni, er þér nefnið og rakið er til heimasíðu yðar, sem vistuð er við Háskóla Íslands í Reykjavík, geti uppfyllt áðurgreindar meginreglur samningsins um varnarþing, og



Því kunnir að vera uppi frávísunarástæða, komi til málsóknar á þeim grundvelli, sem virðist gengið út frá, sbr. bréf yðar.

Hannes leitaði líka til lögfræðings háskólans, Tryggva Þórhallssonar, sem var sömu skoðunar og lögfræðingar dómsmálaráðuneytisins, þótt álit hans væri aðeins veitt munnlega. Meginregla Lugano sáttmálans væri sú, að varnarþing manna væri, þar sem þeir hefðu búsetu, með tilteknum undantekningum, og engin þeirra virtist eiga við í þessu máli. Til viðbótar þessu bentu lögfræðingar Hannesi á, að meginregla íslensks réttar væri, að varnarþingið gæti verið annars staðar en þar, sem maður væri búsettur, ef tjónsatburður hefði orðið annars staðar, stofnað hefði verið til tjónsins annars staðar. Gera yrði greinarmun á því og hinu, hvar tjónið kemur fram. Ekki verður um það deilt, hafi verið um tjón að ræða, sem Hannes véfengir auðvitað, að stofnað var til þess á Íslandi. Þar varð tjónsatburðurinn, ef einhver var, því að þar féllu ummælin, og þau voru vistuð á íslenskum vef.

Þess verður líka að geta, að Hannes þýddi ekki sérstaklega ummæli sín og setti á vefinn á ensku, heldur hafði fyrirlestur hans, sem aðalummælin voru úr, verið fluttur á ensku. Einnig voru allir myndatextar jafnt á ensku og íslensku. Það var því ekki um að ræða, að Hannes hefði sérstaklega verið að setja einhver ummæli um Jón Ólafsson á ensku á vef sinn til að skaða hann, enda var honum árið 1999 ekki kunnugt um umsvif Jóns í Bretlandi næstu ár á eftir: Hann var að gagnrýna eiganda íslensks fjölmiðlafyrirtækis.

Maður frá breska sendiráðinu kom heim til Hannesar H. Gissurarsonar 2. september 2004 og afhenti honum böggul. Hann gaf engar skýringar á bögglinum og bað ekki um neina kvittun fyrir móttökunni. Í bögglinum voru ýmis skjöl á ensku. Þar kom ekki skýrt fram, að um stefnu væri að ræða. Hannes ítrekaði þó í beinu framhaldi þá ósk sína við háskólann, að heimasíðu sinni yrði lokað til að afstýra vandræðum. Var það þá gert hið snarasta.

Hannes H. Gissurarson fékk bréf á íslensku, væntanlega frá dómstólnum, sem honum var fullkomlega óskiljanlegt, dags. 2. mars 1005. Hann framsendi það til lögfræðings háskólans, Tryggva Þórhallssonar, sem taldi það líka óskiljanlegt. Þar kemur hvergi fram neitt um neinn dóm. Hannes hefur aldrei fengið birtan neinn dóm, þótt svo segi í vottorði frá hinum breska dómstóli. Önnur afskipti hefur Hannes ekki haft af þessu máli. Hið eina, sem honum hefur verið birt eftir einhverri íslenskri venju, var boðun 3.

október 2005 frá Sýslumanninum í Reykjavík vegna fjárnáms að kröfu lögfræðings Jóns Ólafssonar.

Úrskurður hins breska dómstóls virðist hvíla á allt öðrum lögum en tíðkast á Íslandi. Upphæðin er ekki í neinu samræmi við neinar íslenskar venjur. Ekki hafa heldur myndast neinar fastar, alþjóðlegar venjur um lögsögu einstakra ríkja í málum, sem gerast á Netinu. Sú regla virðist hæpin og er að minnsta kosti óvænt og víðtæk, að birting á ensku á Netinu jafngildi birtingu í Bretlandi. Jafngildir hún þá ekki birtingu alls staðar í heiminum, þar sem enska er alþjóðamál? Til dæmis í Ástralíu? Hver er munurinn á að birta eitthvað á ensku á Netinu og á íslensku, sem hægðarleikur er að þýða á ensku?

Nýlega kvað áfrýjunardómstóll í Ontario í Kanada upp úrskurð í svipuðu meiðyrðamáli. Taldi hann sig ekki hafa lögsögu í því. Fyrrverandi starfsmaður Sameinuðu þjóðanna, Cheick Bangoura, hafði höfðað mál í Ontario gegn *Washington Post*, sem hafði fyrst prentað og síðan sett á netsíðu sína ummæli um Bangoura, sem fólu í sér ásakanir um spillingu. Bangoura hafði verið búsettur í Ontario í þrjú ár, frá 2000, þegar hann stefndi *Washington Post*, en ummælin höfðu birst 1997. Kanadíski áfrýjunardómstóllinn sagði, að það nægði honum ekki til að geta höfðað málið þar. Tengsl hans við staðinn væri ekki nægilega mikil. „Það virðist óhæfileg harðneskja gagnvart stefnda að leyfa stefnanda að taka sér einhvers staðar búsetu og höfða þaðan mál gegn stefnda vegna atburða, sem urðu annars staðar.“ Ekki væri um að ræða neitt sýnilegt eða verulegt tjón, sem stefnandi hefði orðið fyrir í Ontario. Aðeins væru seld sjö eintök af *Washington Post* þar í áskrift. Netsíðan, sem ummælin voru vistuð á, var aðeins opin í tvær vikur, en síðan í áskrift, og var lögfræðingur Bangoura hinn eini, sem hafði keypt sér aðgang að þeim. Áfrýjunardómstóllinn hafnaði þeirri niðurstöðu undirréttar, að málið myndi fylgja Bangoura, hvar sem hann settist að. Blaðið hefði ekki getað séð fyrir, að Bangoura, sem bjó í Kenýa, þegar ummælin birtust, myndi síðar setjast að í Ontario. Niðurstaða dómsins er vistuð á Netinu:

<http://www.ontariocourts.on.ca/decisions/2005/september/C41379.htm>

Bandarískir dómstólar neita almennt að fullnusta meiðyrðadóma frá Bretlandi eftir niðurstöðu í málinu *Bachchan v. India Abroad Publications Inc.* árið 1992. Málavextir voru þeir, að blaðið *India Abroad* í New York hafði endursagt frétt úr sænsku blaði um það, að kunnur, indverskur maður Ajitabh Bachchan, hefði tekið við óeðlilegum greiðslum vegna vopnasölu.

Bachchan kaus að höfða mál í Bretlandi, þótt blaðinu væri aðallega dreift í Bandaríkjunum. Þótt Bachchan hefði látið að sér kveða, væri „public figure“ sem kallað er, og þótt blaðið hefði aðeins endursagt það, sem prentað hafði verið í öðru blaði, dæmdi breskur dómstóll honum í vil. Þegar fullnusta átti dóminn í Bandaríkjunum, komst dómstóll í New York að þeirri niðurstöðu, að bresk meiðyrðalöggjöf stríddi gegn stjórnarskrárákvæðinu bandaríska um málfrelsi.

Hitt er annað mál, að Hannes H. Gissurarson hringdi í Jón Ólafsson fimmtudagskvöldið 6. október 2005, eftir að hann hafði horft á Jón koma fram í sjónvarpsfréttum. Hann sagði Jóni, að hann hefði beðið vefstjóra háskólans um að taka niður heimasíðu sína 3. júlí 2004, en fyrir handvömm hefði það ekki verið gert. Hann sagðist ekki hafa neinn áhuga á að troða illsakir við hann. Þess vegna væri báðum fyrir bestu, að málið yrði látið niður falla. Jón kvaðst ekki vera reiðubúinn til þess. Hann myndi beita hörku í þessu máli.

## Annar hluti: Ummæli Hannesar H. Gissurarsonar

Ummæli þau, sem Hannes H. Gissurarson hlaut dóm fyrir í Bretlandi, eru tvö. Hin fyrri hljóða svo í íslenskri þýðingu:

Við frjálshyggjumenn höfum horft upp á það okkur til sárrar raunar, að ruddalegur náungi að nafni Jón Ólafsson hefur lagt undir sig hið einkarekna útvarpsfélag. Fullyrt hefur verið, að Jón hafi komið undir sig fótunum með sölu ólöglegra fíkniefna, og hann er kunnur að hörku í viðskiptum. Með stuðningi Chase Manhattan Bank hefur hann notað hið nýfundna vald sitt sjálfum sér í hag, og hann hefur einnig náð samband við tiltekna stjórnámamenn, sem eru fjárhagslega háðir honum.

Þau voru sögð á ráðstefnu um fjölmiðla í Borgarnesi 9. október 1999, sem Nordic Centre for Journalism o. fl. héldu, og voru sett á heimasíðu Hannesar á ensku, enda hafði erindi Hannesar verið á ensku. Hin seinni eru í tveimur hlutum og hljóða svo í íslenskri þýðingu:

Leiðtogi jafnaðarmanna, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur ekki verið yfir það hafin að sækja veislur með hinum alræmda Jóni Ólafssyni í Skífunni. Jón, sem á sjónvarpsstöð, er eindreginn andstæðingur Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Hann hefur greitt óverulegan tekjuskatt á Íslandi árum saman, jafnvel þótt hann leyni því hvergi, að hann lifi í miklum munaði.

...

Þótt Jón Ólafsson, einn helsti fjárhagslegi bakhjarl jafnaðarmanna, telji óverulegar tekjur fram til skatts jafnt á Íslandi sem Bretlandi, hefur hann efni á að eiga hús í Lundúnum, Reykjavík og Suður-Frakklandi og glæsibíla, eins og myndskreytt vikublöð hafa lýst.

Þessi ummæli voru undir myndum af 1) Jóni Ólafssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur saman í veislu og af 2) forsíðu tímaritsins *Séð og heyrt*, sem birtust í eins konar myndabók á heimasíðu Hannesar.

Greina má ummælin í eftirfarandi staðhæfingar:

1) Jón Ólafsson er ruddalegur náungi, með vont orðspor.

- 2) Því hefur verið haldið fram, að Jón Ólafsson hafi komið undir sig fótunum með sölu ólöglegra fíkniefna.
- 3) Jón Ólafsson er kunnur að harðleikni í viðskiptum.
- 4) Jón Ólafsson hefur gert tiltekna stjórnámamenn fjárhagslega háða sér.
- 5) Jón Ólafsson hefur greitt óverulegan tekjuskatt á Íslandi þrátt fyrir mikil umsvif hér og líf í munaði.

Hér skal sýnt fram á, að allar þessar staðhæfingar eru sannar.

## 1. „Ruddalegur náungi“

Hér skulu færð rök fyrir því, að Jón Ólafsson sé talinn ruddi og hafi illt orðspor. Hið eina, sem þarf hér að sýna fram á, er, að Jón hafi oft verið grunaður um græsku. Í viðtali í 2. tbl. 2. árg. *Heimsmyndar* (maí 1987) rifjaði Jón upp deilur milli sín og viðskiptafélaga sinna (bls. 52):

Ég hafði stofnað fyrirtæki ásamt fleirum sem hét Hljómplötuútgáfan hf. Og dag nokkurn veturinn 1981 komu félagar mínir og meðeigendur á minn fund. Þau örkuðu inn á skrifstofuna mína og sögðu að mér væri ekki treystandi. Þau vildu að bókhaldið yrði endurskoðað og ég léti af störfum í þessu fyrirtæki. Þetta er eitt mesta dramað í mínu lífi og mig langaði á þessu augnabliki að gufa upp. Ég setti lögfræðing í málið og síðar kom í ljós að bókhaldið var til fyrirmyndar.

Þess skal getið, að sá, sem skoðaði bókhaldið, vildi ekkert segja um málið í ritinu *Jónsbók*, sem Einar Kárason tók saman á vegum Jóns Ólafssonar og kom út 15. nóvember 2005 (bls. 134). En í viðtalinu í *Heimsmynd* 1987 sagði Jón (bls. 48): „Ég hefði getað orðið hvort sem var glæpamaður eða róni. Og allt virtist benda til þess á tímabili.“ Hann sagði (bls. 51): „Ég var villingur og lenti í ýmsu klandri.“ Í viðtali í *Blaðinu* 19. nóvember 2005 sagði Jón: „Ég fór út af sporinu á tímabili. Þannig var það, og ég viðurkenni það.“

Í 9. tbl. 5. árg. *Heimsmyndar* (nóvember 1990) var fréttaskýring um Jón Ólafsson eftir Ólaf Hannibalsson. Þar var áhrifum Jóns í Stöð tvö lýst, en síðan sagði:

Af þessum sökum og fleiri er Jón Ólafsson einn umdeildasti maður í íslensku viðskiptalífi. Þeir eru margir, sem vildu koma höggi á hann. Bent er á þann skugga, sem hvíli yfir fortíð hans, ef hulunni verði svipt af, og vafasamar starfsaðferðir og umsvif í viðskiptum, sem geti orðið honum að falli. Hann er sakaður um að vera haldinn blindum metnaði, sem knúi hann til að ryðja öllum keppinautum úr vegi.

Í þessari fréttaskýringu var vitnað til ónafngreinds heimildarmanns, sem sagði meðal annars:

Hann er alltaf að hóta fólki og láta skína í tennurnar. Hann sá ekkert óeðlilegt við það að hringja í prentsmiðjustjóra og biðja um afrit af bók Jóns Óttars

[Ragnarssonar], sem átti að vera komin inn til prentunar, svo hann þyrfti ekki að nálgast hana *eftir krókaleiðum* [leturbreyting Heimsmyndar]. Það sýnir, hvað siðferðiskennd hans er brengluð, að láta sér detta í hug, að prentsmiðjustjórinn brjóti trúnað við viðskiptavini sína.

Þess má geta, að í viðtali í sama tbl. viðurkenndi Jón að hafa hringt í prentsmiðjustjóran, þótt hann vildi ekki nota sömu orð um samtalið og heimildarmaður *Heimsmyndar*. Enn fremur sagði þessi heimildarmaður:

Spurningin er, af hverju enginn vill vera lengur í fyrirtæki með Jóni Ólafssyni. Það er einhver ára, *atmosfera* [leturbreyting *Heimsmyndar*]. Maður segir nei takk, þetta er ekki týpa, sem maður vill eiga eitthvað með.

Í þessari fréttaskýringu í *Heimsmynd* var haft samband við Kjartan Gunnarsson, formann útvarpsréttarnefndar, vegna frásagnar Ólafs Laufdals um það, að Jón Ólafsson hefði reynt að koma í veg fyrir, að Ólafur fengi útvarpsleyfi. Kjartan staðfesti, að Jón hefði talað við sig (bls. 20). Hann hefði sagt: „Það skal ekki fara hljótt, ef þessi maður fær útvarpsleyfi.“ Kjartan kvaðst hafa litið á þetta „sem óviðurkvæmileg afskipti keppinauts“.

Í *Jónsbók* 2005 hafa tveir nafngreindir menn, Jakob Frímagn Magnússon og Páll Baldvin Baldvinsson, það eftir Jóni Óttari Ragnarssyni, að Jón Ólafsson sé „ávísanafalsari, nauðgari, eiturlyfjasali“. Hvorugur segist hins vegar hafa lagt trúnað á þessa fullyrðingu Jóns Óttars. Jón Óttar sagði Hannesi H. Gissurarsyni hið sama og þessum tveimur mönnum og sýndi honum ýmis gögn máli sínu til stuðnings: 1) dóm yfir Jóni í undirrétti um ávísanafals, þar sem fyrir lá, að Jón hafði játað þetta fals, en hann var síðan sýknaður í Hæstarétti, vegna þess að bróðir hans kom og játaði brotið, 2) frásagnir nafngreindra kvenna, sem kváðu Jón hafa komið illa fram við sig, 3) ljósrít af lögregluskýrslum, sem Jón Ólafsson hafði undirritað, þar sem fram kom, að hann hefði selt ólögleg fíkniefni, 4) dóm yfir Jóni í Sakadómi um ávana- og fíkniefni, þar sem játningar Jóns lágu fyrir, en hann var sýknaður, þar sem málið var fyrnt, en meðferð þess hafði tekið óhóflegan tíma. Hannes taldi, að þessi gögn nægðu sér til að mynda þá skoðun, að Jón Ólafsson væri ruddalegur náungi.

Hér skal stuttlega reifaður hæstaréttardómurinn í máli Jóns Ólafssonar, sem Jón Óttar hafði vakið athygli Hannesar og margra annarra á, en oft var síðan getið um hann í blöðum, þar á meðal í *Morgunpóstinum* 23. mars 1995. Þetta mál snerist um skjalafals. Hinn 7. maí 1975 framvísaði maður á bréfapóststofunni í Reykjavík undirritaðri ávísun á orlofsfé til Sveins

Rafnssonar og umboði til Jóns Ólafssonar til að leysa ávísunina út. Maðurinn fékk andvirði ávísunarinnar greitt, kr. 48.130. Kvittað var fyrir upphæðinni með nafni Jóns Ólafssonar. Í ljós kom, að báðar undirskriftirnar með nafni Sveins Rafnssonar voru falsaðar, á ávísunina og undir umboð til Jóns Ólafssonar að fá ávísunina greidda. Sveinn kvaðst kannast lítillega við Jón, sem bjó í sama húsi og hann veturinn 1974-1975, Stigahlíð 4. Jón neitaði við yfirheyrslu 22. ágúst 1975 allri aðild að málinu, en taldi koma til greina, að bróðir sinn, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sem búið hefði hjá sér um skeið, hefði getað framið verknaðinn. Tryggvi Bjarni neitaði einnig allri aðild. Rithandarsérfræðingur komst að þeirri niðurstöðu, að rithönd Jóns Ólafssonar væri á undirskriftunum með nafni Sveins Rafnssonar á ávísuninni og á umboðinu til Jóns Ólafssonar. Þegar Jóni Ólafssyni var kynnt þessi niðurstaða í yfirheyrslu 16. desember 1975, hélt hann fast við fyrri framburð sinn. En hann kom hins vegar 9. febrúar 1976 til lögreglunnar í Keflavík og kvaðst vilja greina rétt frá aðild sinni að málinu. Hann hefði innleyst ávísunina með því að rita nafn eigandans á hana með eigin hendi. Hann hefði einnig gert umboðið og undirritað. Hann hefði notað andvirði ávísunarinnar til eigin þarfa og myndi endurgreiða það, þegar hann gæti. Skrifaði Jón undir lögregluskýrslu um þennan framburð. Þegar hann var síðan kvaddur fyrir rétt í sakadómi Keflavíkur 13. ágúst 1976, neitaði hann að tjá sig um málið, en kannaðist við undirskrift sína undir lögregluskýrsluna frá 9. febrúar. Ákæra var gefin út á hendur honum 7. janúar 1977, og var hann sakfelldur í héraðsdómi 3. júní 1977.

Jón Ólafsson áfrýjaði þessum dómi til Hæstaréttar. Það, sem þá gerðist, var, að Tryggvi Bjarni Kristjánsson gaf yfirlýsingu um það 22. september 1978, að hann hefði ásamt tveimur stúlkum, sem hann vissi ekki deili á, framið það brot, sem Jón hafði verið ákærður og sakfelldur fyrir. Þegar Tryggvi Bjarni gaf skýrslu hjá lögreglunni 16. febrúar 1979, kannaðist hann við að hafa gefið yfirlýsinguna, en neitaði því, að rétt væri frá skýrt. Þegar hann gaf aftur skýrslu hjá lögreglunni 9. mars 1979, játaði hann á sig verknaðinn og kvað þrjár ónafngreindar stúlkur hafa staðið með sér að honum. Ein stúlkann hefði falsað undirskriftirnar á ávísunina og umboðið, en hann síðan fengið ávísunina greidda á pósthúsinu. Í hæstaréttardómnum um málið segir: „Nokkurs ósamræmis gætti þó hjá Tryggva Bjarna um hlutdeild hans annars vegar og stúlkanna hins vegar í brotinu, en hann viðurkenndi, að hann hefði staðið að því með þeim. Þær hafa ekki fundist.“ Jafnframt því sem Tryggvi Bjarni játaði á sig verknaðinn, neitaði Jón Ólafsson öllum sakargiftum. Hann hefði ekki mætt ótilkvaddur til skýrslugjafar 9. febrúar 1976, heldur verið handtekinn í Hafnarfirði og fluttur suður í Keflavík. Hann kvaðst ekki hafa



þorað að greina frá hinu réttu fyrir sakadómi Keflavíkur 13. ágúst 1976. Saksóknari ákvað vegna játningar Tryggva Bjarna að óska eftir sýknu Jóns í Hæstarétti, og var hann sýknaður. Var þá horft fram hjá játningu Jóns í lögregluskýrslunni frá 9. febrúar 1976 og niðurstöðu rithandarsérfræðingsins.

Í 2005 eru ýmis ummæli höfð eftir mönnum, sem þekkja Jón. Ætla má, að þau séu ekki eins hörð og ummæli, sem fallið gætu á öðrum vettvangi. Páll Magnússon útvarpsstjóri segir t. d. (bls. 463): „En hann safnar óvinum eins og aðrir frímerkjum.“ Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi segir (bls. 463): „Jón er stríðsmaður sem þrífst hvergi nema á vígvellinum. Ef hann situr í friði fer hann að reyna að pikka fæting.“ Einar Kárason gerir sjálfur sérstaklega að umtalsefni í bók sinni, bls. 471-2, hið illa orðspor Jóns: „Og bókarhöfundur varð þess áskynja eftir að það spurðist út að hann væri að skrifa um Jón Ólafsson; margir höfðu afar sterkar skoðanir á því athæfi. Að ætla að fara að hvítþvo þetta illmenni! Leggja nafn sitt og listamannsheiður við að mála helgimynd af illræmdum skíthæl!“ Hér segir Einar Kárason beinlínis, að margir kunningjar sínir hafi kallað Jón „illmenni“ og „illræmdan skíthæl“.

Raunar eru til nýleg, skýr dæmi um, að Jón Ólafsson virði ekki almennar velsæmisreglur og hljóti því að teljast „ruddalegur náungi“. Hann hélt blaðamannafund vegna útkomu bókar þeirra Einars Kárasonar 15. nóvember og kom einnig fram í Kastljósi þá um kvöldið. Þar sagði hann skv. frásögnum *Morgunblaðsins* og *DV* 16. nóvember, að endurskoðandi einn hefði hringt í sig eftir „fyllerí“ með skattrannsóknastjóra, sem hefði sagt, að Davíð Oddsson hefði lofað sér aukafjárveitingum, tæki hann Jón Ólafsson til skattrannsóknar. Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknastjóri vísaði þessu algerlega á bug í *Morgunblaðinu* 17. nóvember. Hann hefði verið bindindismaður í þrjátíu ár og hitt Davíð Oddsson í fyrsta skipti, tveimur árum eftir að rannsókn skattamáls Jóns hófst. Einnig sagði Jón Ólafsson, að það væri til vitnis um, hversu heitt Davíð Oddsson hataði sig, að ræða hans á fimmtugsafmæli Þórarins Eldjárns hefði snúist um sig og verið „bitur“. Þórarinn Eldjárn birti athugasemd um þetta í *Morgunblaðinu* 18. nóvember, en hann átti í fórum sínum myndbandsupptökur af afmælinu. Þar minntist Davíð Oddsson ekki á Jón Ólafsson athafnamann, heldur fór fáeinum orðum um ljóðið „Jón Ólafsson slysast“, sem birtist í ljóðabókinni *Ort* árið 1991. Eyddi hann 30 sekúndum í ljóðið, en ræða hans var um 13 mínútur. Af þessum tveimur dæmum er augljóst, að Jón Ólafsson hikaði ekki við að bera

opinberlega á menn sakir og segja af þeim sögur án þess að kanna á neinn hátt sannleiksgildi þeirra. Þetta telst á Íslandi ruddaskapur.

## 2. Fullyrðingar opinberlega um, að Jón Ólafsson hafi stundað sölu ólöglegra fíkniefna

Í upphafi skal bent á, að ummæli Hannesar H. Gissurarsonar voru ekki á þá leið, að Jón Ólafsson hefði stundað sölu ólöglegra fíkniefna, heldur, að fullyrt hefði verið, að Jón Ólafsson hafi komið undir sig fótunum með sölu ólöglegra fíkniefna. Ummælin voru ekki heldur á þá leið, að fullyrt hefði verið, að auðæfi Jóns í aldarlok mætti skýra með sölu ólöglegra fíkniefna, heldur, að fullyrt hefði verið, að hann hefði í upphafi ferils síns hagnast á slíkri sölumennsku. Næg gögn eru til að styðja þetta. Opinberlega hefur þetta margoft verið fullyrt.

Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri *Pressunnar*, skrifaði grein í blað sitt 11. október 1990. Vísað var í hana með risalettri á forsíðu undir fyrirsögninni „Þekktir businessmenn urðu ríkir af dópsölu“. Inni í blaðinu (bls. 7-9) bar greinin fyrirsögnina „Bisnissmenn hafa komið undir sig fótunum með sölu fíkniefna“. Í inngangi sagði:

Samkvæmt heimildum *Pressunnar* eru það einkum þrír menn sem hafa komið undir sig fótunum í viðskiptaheiminum með dópsölu ... og sá þriðji er áberandi fésýslumaður og stundar verslunarrekstur og er auk þess áberandi í stjórn eins stærsta og þekktasta fyrirtækis landsins.

Síðar í greininni sagði:

Pressan fékk hins vegar misvísandi upplýsingar um hvort fésýslumaðurinn væri enn í dópsölu. Menn voru þó sammála um að hann hefði verið langumsvifamestur í fíkniefnasölu af þessum þremur og sjálfsagt sá maður sem hefur náð mestum fjármunum út úr verslun með fíkniefni, sem er ekki ýkja ábatasöm atvinnugrein þrátt fyrir að miklum fjármunum sé velt.

Í 9. tbl. 5. árg. *Heimsmýndar* (nóvember 1990) var fréttaskýring um Jón Ólafsson eftir Ólaf Hannibalsson. Þar kom beinlínis fram (bls. 22), að átt væri við Jón Ólafsson í lýsingu Gunnars Smára. Jón sagði sjálfur: „Mér hefur áður verið bent á, að ein þessara lýsinga geti átt við mig. Að sjálfsögðu er þetta lágbúrulegasta tegund blaðamennsku, sem fyrirfinnst, því að sá, sem

verður fyrir dylgjum, kemur engum vörnum við, en nafngreindur maður getur þó borið hönd fyrir höfuð sér.“

Þess var þó ekki langt að bíða, að Jón Ólafsson væri nafngreindur. *Morgunpósturinn* birti 23. mars 1995 stóra mynd af Jóni á forsíðu og fyrirsagnirnar:

Morgunpósturinn birtir upplýsingar úr lögregluskýrslum og dómum Jón Ólafsson í Skífunni bendlaður við fíkniefnamisferli

Á 9.-11. bls. þessa tölublaðs var saga Jóns og umsvif í viðskiptum rakin, en einnig greint frá efni skýrslanna og birtir úr þeim útdrættir. Heimildir blaðsins voru einkum afrit af lögregluskýrslum, sem því höfðu borist, en margir fengu slík afrit í pósti um sama leyti, þar á meðal Jónas Kristjánsson, ritstjóri *DV*, og Árni Þórður Jónsson, fréttamaður Sjónvarpsins, samkvæmt fréttum *Morgunpóstsins*. Hannes H. Gissurarson var einn þeirra manna, sem fengu þessi afrit í pósti.

Útdrættirnir, sem *Morgunpósturinn* birti, voru sem hér skal greina. Í skýrslu, undirritaðri af dómarafulltrúa, um yfirheyrslu yfir ónefndu vitni fyrir dómþingi Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. febrúar 1981, sagði:

Mætti kveðst síðan viku eftir heimkomu úr nefndri ferð, nánar um mánaðamót jan.-febr., hafa fengið upphringingu frá Jóni Ólafssyni. ... Þá hafi Jón spurt sig að því, hvort mætti vildi taka að sér dreifingu á marihuana.

Í skýrslunni sagði enn:

Mætti segir Jón hafa verið með ca. 1 gr. af marihuana og sýnt mætta sem sýnishorn af því efni, er hann vildi selja. Jón boðið fram 500 gr. á g.kr. [gamlar krónur] 5000 hvert gramm, en mætti aðeins verið reiðubúinn að greiða g.kr. 4000 fyrir hvert gramm og Jón á það fallist.

Í skýrslunni sagði enn:

Jón hafi síðan hleypt sér inn og síðan í stigagangi á 3. eða 4. hæð og framan við íbúð sína afhent sér plastpoka, sem innihélt um 500 gr. af marihuana að sögn Jóns. ... Hafi verið umtalað að mætti stæði skil á söluandvirði að sölu lokinni.

Samkvæmt nánari frásögn *Morgunpóstsins* gerðist þetta 1981, og hefði vitnið hitt Jón á skrifstofu hans á Laugavegi 33.

Í skýrslu, undirritaðri m. a. af Jóni Ólafssyni, um yfirheyrslu yfir Jóni Ólafssyni fyrir dómþingi Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 6. maí 1976 sagði:

Mætti endurtekur sjálfstætt að til sín hafi um hádegisbil föstudaginn 23. apr. s.l. hringt ... og boðið fram 500 gr. af hassi og viljað fá greiðslu í US\$. ... Mætti kveðst hafa neitað slíkri fyrirgreiðslu enda ekki vitað um neinn líklegan kaupanda og því síður einhvern er greiða vildi í erlendri mynt.

Í skýrslunni sagði enn:

Að kvöldi sama föstudags kveðst mætti hafa séð í vörslu hálfbróður síns Tryggva verulega fjárupphæð eða um 550.000 ísl. kr. að sögn Tryggva honum afhent af varnarliðsmanni ónefndum nokkrum dögum áður í því skyni að Tryggvi útvegaði hass fyrir fjárhæðina. ... Kveðst mætti í fyrstu hafa verið tregur til milligöngu en loks Tryggva vegna ákveðið að hafa aftur samband við fyrrnefndan. ... Mætti lýsir á sama veg og í lögregluskýrslu afhendingu frá nefndum. ... Einnig kveðst mætti réttilega hafa lýst í lögregluskýrslu og endurtekur nú síðari afhendingu ... magns að Brauðbæ hér í borg til áðurnefnds ... .

Í skýrslu, undirritaðri m. a. af Jóni Ólafssyni, um yfirheyrslu yfir Jóni Ólafssyni hjá Lögreglunni í Keflavík 1. mars 1973 sagði:

Mætti skýrir nú nánar frá meðferð sinni á L. S. D. töflum. ... Áminntur um sannsögli segir mætti að hann hafi samtals fengið til umráða 50 stk. ... Þær 16 töflur sem eftir eru neytti ég sjálfur og gaf ýmsum aðilum. ... Mætti kveðst hafa keypt 26 inntökur af Meskalín af varnarliðsmanni.

Í skýrslu, undirritaðri m. a. af Jóni Ólafssyni, um yfirheyrslu yfir Jóni Ólafssyni hjá Lögreglunni í Keflavík 1. október 1973 sagði:

Það mun hafa verið í byrjun september s.l. að ... tjáði mér, að hann hefði kkost á því að útvega nokkurt magn af hassi og bauð hann mér að kaupa hluta af því. Ég afhenti honum 20-25 þúsund krónur til umræddra kaupa. ... Ég fékk þessa peninga hjá velgjörðarmanni mínum hér í Keflavík að mestu leyti, en ég vil ekki að svo stöddu greina frá nafni hans. ... Daginn eftir að ég afhenti ... peningana lét hann mig hafa 43 gr. af ljósgrænum hassis.

Í skýrslu um yfirheyrslu yfir ónafngreindu vitni (og undirritaðri m. a. af vitninu) hjá Lögreglunni í Keflavík 26. febrúar 1973 sagði:

Jón Ólafsson ... var þarna með bandaríkjamanninum og lét hann pípuna ganga á milli unglings og einnig held ég að hann hafi útbúið efnið í pípuna. Ég tel líklegt að annað hvort Jón eða bandaríkjamaður þessi hafi komið með efnið á staðinn.

Í skýrslu, undirritaðri m. a. af Jóni Ólafssyni, um yfirheyrslu yfir Jóni Ólafssyni hjá Ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli 5. júlí 1972 sagði:

Í Kaupmannahöfn keypti ég Cannabisefni fyrir u. þ. b. 300 kr. danskar, en þessa efni neytti ég þar með Íslendingum. Keypti ég af ýmsum þarlendum sölumönnum, en lítið magn í einu. ... Á leiðinni til Íslands með flugvélinni reykti ég nokkuð af hassi, en afgangnum, c. a. 2 gr., henti ég í öskubakka í Fríhafnarversluninni á Keflav.flugv.

Þess má geta, að í *Jónsbók* þeirra Einars Kárasonar og Jóns Ólafssonar er vikið að þessari yfirheyrslu (bls. 101). Í sviga við frásögnina segir: „Jón var enn sextán ára.“ Jón er fæddur í ágúst 1954, svo að hann var nær átján ára, þegar þessi yfirheyrsla fór fram.

Í skýrslu Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli 29. júní 1972 sagði:

Fyrir u. þ. b. tíu dögum síðan heyrðum við fyrst um að nokkur ungmenni af Suðurnesjum myndu fara til Norðurlanda, m. a. þeirra erinda að kaupa Cannabisefni og Lyseric (LSD) bæði fyrir sjálfa sig og aðra. S. l. þriðjudag 27 þ. m. fóru tugir unglings með leiguflugvél (B. E. A.) til Danmerkur á vegum ferðaskrifstofunnar Sunnu. Meðal þeirra voru Jón Ólafsson ... . Ábyggilegar upplýsingar hafa fengist um, að allir fyrrgreindir aðilar muni kaupa verulegt magn af Cannabis og LSD í Kaupmannahöfn og Hollandi og muni mestur hluti þess verða póstsendur þaðan til Íslands næstu daga. ... Þá hefur okkur ennfremur borist vitneskja um ákveðna aðila hér í Keflavík, sem lagt hafa peninga fram til þessara viðskipta, sem Jón Ólafsson ... hefur mótttekið og muni hann hafa ráðgert að fara til Hollands til að kaupa þar fíkniefnin, enda sé hægt að kaupa þar Cannabis og LSD fyrir mun lægra verð en í Danmörku. Framangreindir aðilar hafa safnað saman verulegu fjármagni frá tugum ungmenna til téðra fíkniefnakaupa.

Í skýrslu Lögreglunnar í Keflavík 30. júní 1972 sagði:

Jóni Ólafssyni ... voru afhentir peningar (dollarar) ásamt nöfnum og heimilisföngum, sem fyrirhugað mun vera að senda fíkniefni á.

Í ódagsettri skýrslu, undirritaðri m. a. af Jóni Ólafssyni, um yfirheyrslu yfir Jóni Ólafssyni og undirritaðri af honum og lögreglumönnum sagði:

Um s.l. áramót var ég staddur á veitingahúsinu Tröð í Reykjavík, en þar voru mér boðnar tvær örþunnar þynnur af lysrgic (Clear window). ... Ég keypti af honum umræddar þynnur, sem voru eins og matarlím á litinn, en þetta voru 4 inntökur („ferðir“).

Samkvæmt frásögn *Morgunpóstsins* var Jón ákærður vegna nokkurra brota á fíkniefnalöggjöfni, og kvað Sakadómur í ávana- og fíkniefnum upp úrskurð í því máli í febrúar 1982. Var talið, að svo langt væri um liðið, að sök væri fyrnd.

Enn skal tekið fram, að allt, sem birtist hér úr lögregluskýrslum um og dómi yfir Jóni Ólafssyni, er tekið úr *Morgunpóstinum*, þótt Hannes H. Gissurarson hafi þessi gögn líka öll undir höndum, eins og margir aðrir.

*Mannlíf* birti í mars 1997 stóra grein um Franklín Steiner, þar sem sagði, að hann væri fíkniefnasali og uppljóstrari lögreglunnar. Aðalheimildamaður tímaritsins var Hermann Ólason, áfengisráðgjafi í Svíþjóð. Hann kom líka fram í viðtalsþætti á Stöð tvö. Hermann sagði síðar, að sér hefði verið bannað í blöðum og sjónvarpi að minnast á Jón Ólafsson í sambandi við fíkniefnamál. Birti *Helgarpósturinn* forsíðufrétt um það 20. mars 1997 undir fyrirsögninni:

Mátti ekki minnast á Jón Ólafsson

*Helgarpósturinn* birti 5. júní 1997 stóra forsíðufrétt undir mynd af Jóni Ólafssyni, þar sem sagði:

Fíkniefnaskuld til innheimtu hjá Jóni Ólafssyni  
Bróðir Jóns rukkar í gegnum Skífuna

Í greininni sagði, að hálfbróðir Jóns Ólafssonar, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, hefði setið í fangelsi á Malaga um átta mánaða skeið, þegar hann skrifaði í janúar 1993 bréf til Sigurbjörns Þorkelssonar vegna fíkniefna, sem Tryggvi Bjarni útvegaði, en Sigurbjörn seldi á Íslandi. Taldi hann Sigurbjörn skulda sér fé. Í bréfi Tryggva Bjarna sagði:

Taktu á honum stóra þínum og reddaðu þessum peningum, farðu niðrý Skýfu og láttu Jón Ólafs eða ritaran hans fá þessa peninga, þannig að þeir komi helst í gær. Er það skilið?

Í bréfinu sagði líka:

Móðir mín veit hvað málið sníst um því ég hef engan annan að til þess að íta við þér, þannig að ég lét hana vita útaf hverju og Jón bróðir líka. Þaug segja engum frá því. Það er hægt að treysta þeim.

Enn sagði í bréfinu:

Kanski á ég að þurfa að senda Tóta svarta í heimsókn. Ég get hryngt í hann ef þú vilt, ef það er betra að fá hann til þess að rukka inn fyrir þá gery ég það ef þetta kemur ekki í gær.

Samkvæmt upplýsingum *Helgarpóstisins* var „Tóti svarti“ Þórður Sigurjónsson, sem hefði sætt ákærum fyrir líkamsmeiðingar. Lokaorð Tryggva Bjarna í bréfinu voru:

Enga leti í bankan og niðury Skýfu strax með fjögur til fimm hundruð þúsund krónur strax. Einn sem er ekki hress með það að vera svikin. Tryggvi.

*Helgarpósturinn* taldi augljóst af þessu bréfi, að Jón Ólafsson hefði að minnsta kosti vitað af fíkniefnasmygli bróður síns og jafnvel aðstoðað hann við innheimtu á skuldum vegna þess.

*Helgarpósturinn* birti viku síðar, 12. júní 1997, stóra forsíðufrétt með mynd af Jóni Ólafssyni og fyrirsögnina:

Jón Ólafsson grunaður um tengsl við stóra fíkniefnamálið

Inni í blaðinu var vísað í ónefndar heimildir blaðsins innan fíkniefnalögreglunnar um, að Jón blandaðist í gegnum hálfbróður sinn, Tryggva Bjarna Kristjánsson, inn í stórt fíkniefnamál, sem þá var rannsakað, en tengdist handtöku tveggja hollenskra manna í desember 1996.

*Helgarpósturinn* birti viku síðar, 19. júní 1997, frétt um það á blaðsíðu 2, að við húsleit á Bíldudal í tengslum við „stóra fíkniefnamálið“ hefði fundist bréf frá manni, sem sæti í fangelsi í Portúgal og væri í samskiptum við Tryggva Bjarna Kristjánsson. Í bréfinu væri spurt um hagi Jóns Ólafssonar og hvort hann hefði rúm fjárráð. Sagði blaðið, að bréfið styrkti grun lögreglunnar um það, að Jón Ólafsson tendist „stóra fíkniefnamálinu“. *Helgarpósturinn* birti síðan frétt um 26. júní 1997 á bls. 2, að Jón yrði ekki ákærður í „stóra fíkniefnamálinu“, þótt grunur hefði beinst að honum. Þar sagði:



Gögn sem lögreglan kom höndum yfir við húsleit og frambuð málsaðila gáfu vísbendingu um, að Jón Ólafsson væri viðriðinn innflutningi á miklu magni af fíkniefnum. Lögreglan þurfti að taka afstöðu til þess, hvort hún héldi áfram að vinna að því að fá nægileg gögn til að ákæra Jón eða hvort ljúka ætti rannsókninni sem fyrst og ákæra fyrir þau lagabrot, sem hægt var að sanna. Seinni kosturinn var tekinn.

*Helgarpósturinn* birti 3. júlí 1997 stóra forsíðufrétt með mynd af Jóni Ólafssyni og fyrirsögnina:

Franklín Steiner safnar gögnum um Jón Ólafsson

Inni í blaðinu sagði meðal annars:

Franklín Steiner og Jón Ólafsson voru báðir þátttakendur í innflutningi og sölu á fíkniefnum í upphafi áttunda áratugarins. Franklín bjó þá í Reykjavík, en Jón í Keflavík. Íslendingar seldu bandarískum hermönnum á Keflavíkurflugvelli fíkniefni. Vegna nálægðar Jóns við Völlinn var hann ákjósanlegur milliliður.

Einnig sagði í blaðinu, að þeir Franklín Steiner og Jón Ólafsson hefðu báðir farið á því tímabili til Kaupmannahafnar til að kaupa fíkniefni. Þá kvaðst blaðið hafa heimildir fyrir því, að Stöð tvö hefði vorið 1997 fengið Hermann Ólason, sem þekkt hefði þá Franklín og Jón báða, en bjó í Svíþjóð, til landsins til að ljóstra upp um samstarf lögreglumanna og Franklíns. Hermanninn hefði verið lofað greiðslum fyrir uppljóstranir sínar, en það hefði verið svikið.

Jón Ólafsson kaus að höfða ekki meiðyrðamál vegna þessara skrifa. En *Helgarpósturinn* hætti að koma út þetta ár. Í 4. tbl. *Heimsmyndar* 1997 sagði á bls. 56: „Annar þyrnir í augum Jóns, Helgarpósturinn, lognaðist einnig út af á árinu með næsta dularfullum hætti.“

### 3. „Harka“ Jóns Ólafssonar í viðskiptum

Næg dæmi eru til um það, að Jón Ólafsson hafi verið talinn harður í viðskiptum, svo að tilefni væri til ummæla Hannesar H. Gissurarsonar um hann á ráðstefnu blaðamanna 1999, en Jón var þá enn yfirmaður og aðaleigandi stærsta fjölmiðlafyrirtækis landsins í einkaeigu og hélt sig mjög í sviðsljósinu.

Í fyrrgreindu 9. tbl. 5. árg. *Heimsmýndar* 1990 var haft eftir ónafngreindum nánum samverkamanni Jóns Ólafssonar í Íslenska útvarpsfélaginu og Stöð tvö, sem snúið hefði við honum bakinu:

Hjá Íslenska útvarpsfélaginu kom upp sú staða, að eftir útboð hallaðist stjórnin að því að festa kaup á MBI tækjum frá fyrirtæki í eigu stjórnarformannsins Jóns Ólafssonar. En það þurfti næstum að snúa upp á hendurnar á honum til að fá hann til að falla frá umboðslaunum. Það var ofvaxið skilningi hans, að þá eða síðar gæti einhverjum þótt eitthvað athugasvert við slík innherjaviðskipti.

Haft var eftir ónafngreindum manni öðrum, sem þurfti að semja við Jón fyrir hönd sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar, að því er sagt er í *Heimsmýnd* 1990 (bls. 18):

Ég þekki Jón frá gamalli tíð og öðru hverju hafa leiðir okkar skorist. Hann er ævinlega öfugum megin með allt sem hann er að gera. Hann hefur alltaf og alls staðar verið með rýtinginn á lofti og skilið eftir sig sviðna jörð.

Sami maður sagði:

Meðan hann var í framkvæmdastjórastólnum hans Þorvarðar seldi hann Stöð 2 filmur fyrir 15 milljónir sem A og A+ filmur, en voru í rauninni X-myndir, fékk greiddar 14 milljónir strax og hefur sennilega keypt þær á sjö til átta. Enda sagði hann mörgum strax eftir yfirtökuna á Stöð 2 að hann ætlaði að verða fljótur að ná inn andvirði hlutafjárins aftur.

Sami maður sagði: „Margir vita að í einkamáli hótaði hann manni, sem hann átti í viðskiptum við, að hann mundi senda fréttastofuna á hann.“ Enn sagði þessi maður: „Hann er fastur fyrir, ákveðinn, harður, beitir meðölum sem duga og er óvandur að þeim.“

Í þessu tbl. *Heimsmyndar* sagði ónafngreindur maður, sem sagður var kunnugur tónlistarheiminum íslenska, um Jón Ólafsson:

Hann var óprúttinn í aðferðum við að markaðssetja sínar plötur. Veturinn 1979 til 1980 fékk hann plötu HLH flokksins viðurkennda söluhæstu plötuna á Stjörnumessu Dagblaðsins. DB taldi sig hafa fengið óyggjandi sannanir fyrir því, að sölutölur hefðu verið falsaðar, og ritstjóri blaðsins, Jónas Kristjánsson, úrskurðaði, að „leikur Hljómplötuútgáfunnar með tölur í þessu sambandi væri gersamlega siðlaus, forkastanlegur og marklaus“.

Í fréttaskýringu í 4. tbl. *Heimsmyndar* 1997 sagði (bls. 56):

Það hefur þó lengi loðað við Jón að hann sé einhver harðsvíraðasti kaupsýslumaður landsins og ólíkt flestum öðrum láti hann sig ekki muna um að beygja viðurkenndar siðferðisreglur í viðskiptum sínum að ákveðnum markmiðum. Hann er sagður kaldur og tilfinningalaus, það er sagt, að hann eigi fáa vini, en raði í kringum sig skoðanalausum jábræðrum, og talað er um, að hann víli ekki fyrir sér að gera fólk fjárhagslega háð sér til að geta ráðskast með það að vild.

Fram kom í þessum fréttaskýringum og í *Jónsbók* 2005, að samstarfsmenn Jóns í Hljómplötuútgáfunni sneru við honum bakinu, sannfærðir um að hann hefði hlunnfarið þá. Hið sama gerðu samstarfsmenn hans í Íslenska útvarpsfélaginu. En hópur eigenda í Stöð tvö starfaði um átta ár skeið með honum og vísaði þá á bug viðvörunum annarra. Fróðlegt er að skoða, hvað menn úr þessum hóp segja um Jón Ólafsson í *Jónsbók*. Þar kemst til dæmis Haraldur Haraldsson svo að orði á bls. 379: „Öll hans hugsun fer einn hring gegnum veskið hans. Svo aftur í gegnum veskið, og þá loksins er skipt jafnt. Stundum þóttist hann vera réttisýnn og heiðarlegur, en var bara að búa til stytta sem hugsanlega gæti staðist næsta moldrok.“ Jóhann J. Ólafsson segir í *Jónsbók* á bls. 379: „Við þrír höfðum alltaf staðið með Jóni. En hann lítur á vini sína eins og sælgæti.“ Bubbi Morthens segir í *Jónsbók* á bls. 413: „Hann er jakkafataklæddur samúræi, klýfur menn í herðar niður miskunnarlaust og það er varla til maður með öflugri og beinskeyttari fókus.“ Ónefndur maður úr viðskiptalífinu segir í *Jónsbók* á bls. 363: „Brilljant maður að tala við, klár samningamaður, en hann gekk oft fram af mönnum.“ Í *Jónsbók* er það haft eftir mörgum viðmælendum höfundar á bls. 358, að Jón sé nýrrar tegundar í íslensku viðskiptalífi, einn þeirra manna, sem séu „ruddafengnir, jafnvel siðlausir“. Hljóta þessi dæmi að nægja til að sýna, að lengi hefur farið það orð af Jóni Ólafssyni, að hann sé harður í viðskiptum. Fullt tilefni var til ummæla Hannesar H. Gissurarsonar í þá veru í Reykholti 1999.

## 4. „Fjárhagsleg tengsl“ Jóns Ólafssonar við stjórnámálamenn

Í 2. tbl. 2. árg. *Heimsmýndar* (maí 1987) birtist viðtal við Jón Ólafsson eftir Herdísí Þorgeirsdóttur. Þar sagði á bls. 48:

Jón Ólafsson er ekki eingöngu vaxandi kaupsýslumaður. Hann stefnir að víðtækum áhrifum. Í einu samtali hallar hann sér fram á borðið og segir: „Ég vil sjá til þess að eftir nokkur ár verði það vinir mínir sem sitja í húsinu þarna við Austurvöllinn.“

Seinna í viðtalinu sagði, bls. 50:

Þetta þjóðfélag snýst um peninga. Tengsl við valdakjarnann eru í gegnum peninga. Því meiri peningar, því meiri tengsl. Frami í íslensku þjóðfélagi snýst um það að eiga vini sem eiga vini. Það er partur af þessum leik að þekkja rétta menn.

Hér dró Jón Ólafsson ekki dul á það, hvað hann ætlaði sér.

Í 9. tbl. 5. árg. *Heimsmýndar* (nóvember 1990) sagði á bls. 19 um hóp kaupsýslumanna, sem Jón var talinn veita forystu:

Þessi hópur hafði strax sterkan pólitískan undirtón einsleitra frjálshyggjumanna, og forstjóri stórfyrirtækis, sem sótti þar einn fund, hefur haft á orði, að sér hafi blöskrað sú opinskáa tenging viðskipta og stjórnmála, sem þar hafi verið til umræðu. Sjálfsagt væri til dæmis að styðja borgarstjórnann og borgarstjórnarmeirihlutann, en ætlast yrði til, að greiði kæmi í greiða stað.

Jón Ólafsson lýsir því hins vegar í *Jónsbók* Einars Kárasonar, að Davíð Oddsson, þá borgarstjóri og síðar forsætisráðherra, hafi ekki tekið sér vel, svo að hann hafi horfið frá stuðningi við hann.

*Helgarpósturinn* birti 10. ágúst 1995 forsíðufrétt með ljósmynd af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og eftirfarandi fyrirsögn:

Jón Ólafsson tók yfir skuldir R-listans við Stöð tvö

Á fjórðu blaðsíðu sagði, að Jón hefði fært skuld R-listans við Stöð tvö vegna sjónvarpsauglýsinga yfir á viðskiptareikning sinn við Stöðina. Þar sagði

Kristín Árnadóttir, aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur borgarstjóra, að R-listinn hefði greitt að fullu skuld sína við Stöð tvö, „hvort sem hún var á nafni Jóns Ólafssonar eða einhvers annars.“ Hún sagði einnig: „Við urðum að semja við þá aðila, sem við skulduðum, og það mun hafa verið rætt við Jón og hann síðan liðkað til, þannig að við fengum ákveðinn greiðslufrest, án þess að verulegir vanskilavextir legðust á skuldina.“ Talsmenn R-listans urðu tvísaga og jafnvel margsaga í málinu. Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi sagði í sama tölublaði *Helgarpóstsins*, að sér þætti „mjög ósennilegt“, að Jón Ólafsson hefði liðkað til um greiðslu skuldarinnar. Valdimar K. Jónsson sagði þar, að Stöð tvö hefði veitt afslátt á skuld R-listans við sig, en ekki gæti verið, að skuldin hefði verið færð á reikning Jóns Ólafssonar. Valdimar kvaðst hafa greitt skuldina að fullu í ágúst 1994. *Helgarpósturinn* kvaðst hins vegar hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því, að skuld R-listans hefði verið færð yfir á reikning Jóns og verið ógreidd vorið 1995, ári eftir að stofnað var til hennar. Þetta hefði komið fram í svari við fyrirspurn á stjórnarfundi.

Daginn eftir að *Helgarpósturinn* birti þessa frétt, var því lýst yfir í Stöð tvö, að R-listinn hefði greitt skuld sína við Stöð tvö í gegnum Auglýsingastofu Finnboga Kjartanssonar. *Helgarpósturinn* birti hins vegar 17. ágúst forsíðufrétt undir fyrirsögninni:

Jón notaði reikninginn án vitundar eigandans

Á fjórðu blaðsíðu var viðtal við Finnboga Kjartansson auglýsingagerðarmann, sem sagði, að Jón hefði notað viðskiptareikning hans hjá Stöð tvö frá hausti 1992 vegna auglýsinga fyrirtækja sinna. Vorið 1994 hefði Finnbogi hætt að starfa fyrir Jón Ólafsson og vissi ekkert um greiðslur inn eða út af þeim reikningi eftir það. Við þetta er því að bæta, að Jón Ólafsson sagði Hannesi H. Gissurarsyni frá því í kvöldverði heima hjá Jóhanni J. Ólafssyni haustið 1996, að Kristín Einaradóttir hefði komið til sín fyrir hönd R-listans og beðið um, að hann lánaði R-listanum fyrir skuld listans við Stöð tvö, og hefði hann gert það. Það kom þá hins vegar ekki skýrt fram hjá Jóni, hvort R-listinn hefði síðan greitt skuldina. Hannes H. Gissurarson sagði frá því í „Silfri Egils“ 24. apríl 2005, að Jón hefði skýrt sér frá því í kvöldverðarboðinu hjá Jóhanni J. Ólafssyni, að hann hefði lánað R-listanum fé. Af einhverjum ástæðum er ranglega frá þessu sagt í *Jónsbók* þeirra Jóns Ólafssonar og Einars Kárasonar. Þar segir (bls. 319), að Jóhann J. Ólafsson hafi sagt Hannesi frá þessu.

Birst hafa opinberlega frásagnir af fleiri atvikum, þar sem Jón Ólafsson á að hafa nýtt sér fjárhagsleg tengsl. Vorið 1996 var Páll Vilhjálmsson ritstjóri *Vikublaðsins*, sem Alþýðubandalagið gaf út. Hann skrifaði grein undir heitinu „Saga úr íslensku viðskiptalífi“ í *Morgunblaðið* 3. september 1999. Þar sagði:

Vorið 1996 deildu tvær sjónvarpsstöðvar í einkaeigu, Stöð 2 og Stöð 3, um aðgang að sjónvarpsrásum. Jón Ólafsson, kenndur við Skífuna, var stjórnarformaður rekstrarfélags Stöðvar 2. Útvarpsréttarnefnd hafði með úthlutun rásanna að gera og framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins átti sæti í nefndinni. Undirritaður var á þessum tíma ritstjóri *Vikublaðsins*, sem Alþýðubandalagið gaf út. Ritstjórn og flokksskrifstofa notuðu sama símkerfið. Seint í apríl þetta vor stóð fyrir dyrum mikilvægur fundur útvarpsréttarnefndar. Þá var hringt frá innheimtudeild Íslenska útvarpsfélagsins, rekstraraðila Stöðvar 2, og spurt um framkvæmdastjóra Alþýðubandalagsins. Undirritaður varð til svara, sagði framkvæmdastjórnann ekki við og spurði hvort ætti að skila einhverju til hans. Viðkomandi starfsmaður sagðist vera að rukka skuld Alþýðubandalagsins við Íslenska útvarpsfélagið upp á eina milljón og þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur. Starfsmaður sjónvarpsfélagsins sagði að yfirmenn fyrirtækisins legðu mikla áherslu á að fá skuldina greidda strax og bað um að framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins hefði samband hið fyrsta.

Framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins á þeim tíma var Einar Karl Haraldsson.

Í 4. tbl. *Heimsmýndar* 1997 birtist grein um Jón Ólafsson. Þar sagði á bls. 56:

Jón Ólafsson er því sannkallaður fjölmiðlakóngur. Hann er heldur ekki áhrifalaus í pólitík og er sagður eiga sterk ítök í Alþýðuflokknum auk þess sem hann var einn af stuðningsaðilum Reykjavíkurlistans fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar.

Það er ein spurning, hvort Jón Ólafsson hafi gert Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og R-listanum greiða. Það er önnur spurning, hvort R-listinn hafi gert Jóni Ólafssyni greiða eða að minnsta kosti reynt það. Borgarráð samþykkti 21. febrúar 1995 að vísa umsókn frá Jóni Ólafssyni um lóð undir kvikmyndahús í til borgarverkfræðings og skipulagsnefndar (samkvæmt afriti af fundargerð í borgarskjallasafni). Þótt ekki séu gögn um það í borgarskjallasafni, virðist Jón hafa fengið vilyrði um lóð, ef marka má *Helgarpóstinn*, en hann flutti frétt um það á baksíðu 26. júní 1997, að „bakslag“ væri komið í „fyrirætlanir Jóns Ólafssonar um risavaxið skemmtanahús í Breiðholti, skammt frá bíóhöll Árna Samúelssonar. Lóðina

fékk Jón hjá Reykjavíkurlistanum, en hann er einn öflugasti bakhjarl R-listans“.

Á fundi í borgarráði 13. apríl 1999 samþykkti meiri hluti R-listans að taka upp viðræður við Jón Ólafsson um lóð undir kvikmynda- og skemmtanahús í Laugardalnum gegn atkvæðum sjálfstæðismanna, sem bókuðu mótmæli: „Laugardalurinn er að verða fullmótaður og fullnýttur. Þessum síðasta reit, sem eftir er á svæðinu, ber að úthluta fyrir íþróttastarfsemi eða til annarrar starfsemi tengdri útiveru og fjölskyldunni.“ (Afrit af fundargerð í borgarskjallasafni.) Þetta varð tilefni til mikilla mótmæla og undirskrifasöfnunar, svo að horfið var frá því að úthluta Jóni lóðinni.

Þess má síðan geta, að fyrirtæki Jóns Ólafssonar, Norðurljós, réð um þetta leyti eiginmann Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í stöðu yfirmanns.

Skömmu eftir borgarstjórnarkosningar vorið 2002 ákvað R-listinn að kaupa svonefndan Stjörnubíósreit af Jóni Ólafssyni fyrir 140 milljónir króna. Þau rök voru færð fyrir kaupunum, að í kjallara hugsanlegra húsa á lóðinni mætti smíða bílastæði. En í næsta nágrenni, við Vitatorg, var vannýtt bílastæðahús, svo að ekki virtist nein sérstök þörf á nýju bílastæðahúsi þar. Minni hluti sjálfstæðismanna í borgarstjórn gagnrýndi harðlega þessi kaup á borgarstjórnarfundum 6. mars 2003. *Morgunblaðið* skrifaði í frétt daginn eftir: „Spilling og mútur voru meðal þeirra orða sem féllu í umræðum í borgarstjórn í gærkvöld um kaup Reykjavíkurborgar á Stjörnubíósreitnum svokallaða fyrir 140 milljónir króna. Sjálfstæðismenn sögðu annarlegar ástæður liggja að baki kaupunum og lóðin væri of dýr.“ Þegar innri endurskoðun borgarinnar skilaði skýrslu um, að lóðin hefði ekki verið of dýr, gagnrýndu sjálfstæðismenn m. a., að þar var stuðst við lóðaverð í nágrenninu 2003, en lóðin var keypt um mitt ár 2002. Með aðstoð löggilts endurskoðanda komust sjálfstæðismenn að þeirri niðurstöðu, að kaupverð lóðarinnar hefði verið 68-73 millj. kr. yfir markaðsverði á þeim tíma, þegar lóðin var keypt. Að vísu má ætíð deila um, hvað sé rétt verð. Hitt þarf ekki að deila um, að enga brýna nauðsyn bar til að kaupa lóðina, enda var það ekki gert fyrr en eftir borgarstjórnarkosningarnar 2002.

Það er ljóst, að Jón Ólafsson lánaði R-listanum fyrir auglýsingum á Stöð tvö 1994, þótt ekki sé vitað með vissu, hvort, hvenær eða hvernig skuldin við hann var greidd. Það er líka ljóst, að fyrirtæki Jóns réð eiginmann

Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í starf. Einnig er ljóst, að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir reyndi tvisvar að úthluta Jóni verðmætum lóðum, þótt hún yrði að hætta við það, og að hún keypti af honum Stjörnubíósreitinn án þess, að brýna nauðsyn bæri til. En fleira má nefna. Á Alþingi 15. maí 2004 sagði Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra frá því, að Pröstur Emilsson blaðamaður hefði haft tal af sér vorið 2002 og sagt sér frá samskiptum sínum við Jón Ólafsson. Pröstur hefði afhent sér eftirfarandi bréf, sem hann hefði sent Stefáni Jóni Hafstein um þær mundir:

Heill og sæll. Ég rita þér þessar línur í þeirri von að svör fáiast frá þér. Ég hef reynt að senda tölvupóst til ISG [Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur] vegna málsins en annað tveggja skilar pósturinn sér ekki eða ISG kýs að svara ekki erindinu. Þetta snýst um fullyrðingar framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar sem lúta að fjárstuðningi Jón Ólafssonar við ISG, R-listann.

Forsagan í stuttu máli er sú að í aðdraganda formannskjörs Samfylkingarinnar fyrir nokkru lét ég tilleiðast og gekk í Samfylkinguna og fékk þar með atkvæðisrétt. Allt af greiðasemi við ÖS [Össur Skarphéðinsson] og ekkert til að skammast sín fyrir og algengt hjá þeim sem í slíku standa, þ.e. að smala.

Þegar formannskjör var yfirstaðið dróst hjá mér að segja mig úr flokknum því ekki stóð til að vera þar áfram af vissum ástæðum. Þegar svo í aðdraganda kosninga nú fóru að berast bréf og gíróseðlar og fleira ákvað ég að senda framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar formlega úrsögn. Þar setti ég fram ákveðnar skýringar sem tengjast Jóni Ólafssyni og meintum fjárstuðningi hans við stjórn málaaflið, skýringar sem líka tengjast störfum mínum fyrir fyrirtæki Jóns Ólafssonar og svikum hans.

Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar hafði samband við mig í síma um leið og honum barst úrsögnin og kvaðst vildu leiðrétta þetta bull í mér, eins og það var orðað. Samfylkingin hefði ekki fengið krónu frá Jóni Ólafssyni og oftast en einu sinni afþakkað allan stuðning úr þeirri áttinni. Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar fullyrti hins vegar, þegar ég maldaði í móinn, að ISG hefði vissulega þegið umtalsverða fjármuni úr vasa Jóns Ólafssonar en hún kæmi Samfylkingunni og þar með R-listanum ekkert við og mætti alls ekki setja það undir sama hattinn í þessu máli, þ.e. umfjöllun um borgarstjórnarkosningar og fjármál.

Gott og vel, en ljótt ef satt er. Hafi ISG þegið verulega fjármuni úr vasa Jóns Ólafssonar þá þykir mér það undarlegt. Þessi sami Jón Ólafsson er nefnilega að svína á fyrrverandi starfsfólki sínu, hefur ekki staðið skil á launum eða öðru slíku svo mánuðum skiptir eða frá því í september 2001. Vitaskuld eru allir gengnir út, allt klabbíð komið í lögfræðinnheimtu og þar tefur sá sami Jón Ólafsson málið með öllum tækum ráðum.



Síðasta útspil hans og jafnframt það subbulegasta sem ég hef heyrt um dagana er tilboð til lúkningar kröfum. Þeir settust nefnilega niður félagarnir, Jón Ólafsson, Kristján Jónsson og Sigurður G. Guðjónsson, og reiknuðu út hve mikið Ábyrgðasjóður launa greiddi ef þeir létu fyrirtækið sem ég og fleiri unnum hjá fara í gjaldþrot. Þá sömu tölu og þeir fengu út buðust þeir til að greiða mér og ekki krónu meir eins og það var orðað.

Þetta er siðferðið sem þar er stundað. Svo þú sjáir hver munurinn er á „tilboði“ Jóns Ólafssonar og raunverulegri kröfu minni þá stóð hún í 3,3 millj. kr. um miðjan mars en „tilboðið“ hljóðaði upp á að greidd yrði rösklega 1,1 millj. Skýrt liggur fyrir að engum lið kröfunnar hefur verið mótmælt og því ekki hægt að lækka hana af þeim sökum.

Nú kanntu að velta fyrir þér hvers vegna þú fáir þessar upplýsingar. Já, þetta snýst um siðferði og heiðarleika. ISG hefur, eftir því sem framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar fullyrti, þegið umtalsverðar fjárhæðir beint frá Jóni Ólafssyni á sama tíma og hann stundar slíkt athæfi eins og ég lýsti. Ekki einasta að hann svíni á starfsfólki sínu heldur gerir maðurinn út á Ábyrgðasjóð launa. Er þetta það siðferði sem þið hjá R-listanum samþykkið og teljið til eftirbreytni? Að halda eftir launum starfsmanna eins fyrirtækis Jóns Ólafssonar og setja a.m.k. þá upphæð í kosningasjóð hjá R-listanum er að mínu mati afar undarlegt framferði svo ekki sé meira sagt.

Svo er auðvitað allt annað mál og alvarlegra þegar kemur að þiggjendum fjárins. Vill eitthvert stjórn málafl binda trúss sitt við slíkan hæl svo ekki sé fastara að orði kveðið? Vænt þætti mér um að fá einhver svör frá þér hið allra fyrsta. Ég tel rétt að önnur framboð og sömuleiðis almenningur viti af þessu máli og öðrum sem tengjast Jóni Ólafssyni þar sem fyrir liggur að hann er verulega stór styrktaraðili R-listans, ISG, og vísast þar enn og aftur til fullyrðinga framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar.

Þótt Þröstur hafi að vísu síðar reynt að gera lítið úr þessu bréfi, er það mjög athyglisvert. Það er ekki sönnun fyrir fjárhagslegum tengslum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur við Jón Ólafsson, en sýnir, að fullt tilefni var til að hefja umræður um málið opinberlega.

Ásgeir Friðgeirsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar um skeið, sagði Hannesi H. Gissurarsyni eitt sinn, að hann hefði orðið vitni að því, að Jón Ólafsson hefði kvartað undan því, að hann hefði ekki fengið nóg fyrir fjárstuðning sinn við Samfylkinguna. Hannes óskaði eftir því, að Ásgeir staðfesti þessa frásögn sína. Hann sendi Hannesi tölvuskeyti 19. febrúar 2003, þar sem hann sagði meðal annars:

Það er rétt að ég hef orðið vitni að því að Jón Ólafsson hefur verið að innheimta greiðslur sínar. Mig grunar að einhverntíman hafi stuðningsaðili

Sjálfstæðisflokksins reynt innheimtur þó svo aðferðirnar hafi ekki verið eins brútal og hjá Jóni. Kjarni málsins er sá sem kom fram hjá Davíð Oddssyni þegar hann sagði að enginn gæti keypt Sjálfstæðisflokkinn. Það er von mín að beinin í Samfylkingunni séu jafn sterk og Davíð vill meina að þau séu hjá Sjálfstæðisflokknum.

Þetta tölvuskeyti er líka mjög athyglisvert. Það er að minnsta kosti ljóst, að fullt tilefni var til þess fyrir Hannes H. Gissurarson að minnast á það í ræðu sinni á blaðamannabinginu 1999, að Jón Ólafsson hefði gert stjórnámálamenn háða sér. Þótt sumt af þessu hafi komið fram, eftir að Hannes hélt ræðu sína, er það ekki annað en staðfesting þess, sem hann hélt þar fram, að fjárhagsleg tengsl væru milli Jóns Ólafssonar og tiltekinna stjórnámálamanna og þá aðallega Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Þess má síðan geta, að Jón Ólafsson bauð ýmsum stjórnámálaleiðtogum í útgáfuhóf til sín 15. nóvember 2005, þegar *Jónsbók* kom út, þar á meðal Davíð Oddssyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Halldóri Ásgrímssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Samkvæmt *Bláinu* 17. nóvember sótti aðeins einn þeirra samkvæmið, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

## 5. Skattamál Jóns Ólafssonar

Vekja verður athygli á því, að ummæli Hannesar H. Gissurarsonar um skattgreiðslur og munaðarlíf Jóns Ólafssonar hnigu ekki að því, að Jón hefði svikið undan skatti, heldur vakti Hannes athygli á tvennu, að á sama tíma og Jón greiddi skatt af óverulegum tekjum á Íslandi lifði hann greinilega munaðarlífi hér á landi og annars staðar. Þess má geta, að Jón Ólafsson keypti sér samkvæmt blaðafrásögnum og *Jónsbók* hús í Lundúnum 1998, en höfuðmáli skiptir, að hann hafði eftir sem áður lögheimili á Íslandi. Það færði hann ekki fyrir en 2002, eftir því sem næst verður komist. Hann rak stór fyrirtæki á Íslandi og var ræðismaður Indónesíu á Íslandi frá 2001. Þetta er staðfest í *Jónsbók*. Þar segir á bls. 448, að Jón hafi eftir 1998 verið „að reyna að taka virkan þátt í íslensku atvinnulífi með viðskiptum sínum með bankastofnanir, landspildur, verktakafyrirtæki og svo framvegis“. Þar segir raunar líka á bls. 434-435, að Jón hafi árið 1999 reynt að hafa áhrif á það, hvaða stjórn yrði mynduð eftir þingkosningarnar það var. Hann hafi hvatt til þess, að mynduð yrði ríkisstjórn Framsóknarflokks, Samfylkingar og fleiri aðila, en Sjálfstæðisflokkurinn færi í stjórnarandstöðu. Það er augljóst, að eðlilegt er að taka til gagnrýnninnar umræðu feril og orðspor svo áhrifamikils manns.

*Frjáls verslun* birtir árlega tekjur ýmissa kunnra Íslendinga samkvæmt skattframtölum. Jón Ólafsson virðist ekki hafa komist þar á blað fyrir en 1998. Í 6. tbl. 1998 birtust þar tekjur manna fyrir árið 1997. Þar var Jón Ólafsson skráður með 893 þús. kr. mánaðartekjur (8. bls.). Var hann þá ofarlega á listanum um „Ýmsa menn úr atvinnulífinu“. Í 6. tbl. *Frjálsrar verslunar* 1999 birtust tekjur manna fyrir árið 1998. Þar var Jón Ólafsson með 79 þús. kr. mánaðartekjur (10. bls.). Var hann með lágstar tekjur allra þeirra, sem upp voru taldir undir liðnum „Ýmsir menn úr atvinnulífinu“. Í 6. tbl. *Frjálsrar verslunar* 2000 birtust tekjur manna fyrir árið 1999. Þar var Jón Ólafsson með 33 þús. kr. mánaðartekjur (13. bls.). Hann var tekjulægstur allra, sem upp voru taldir undir liðnum „Ýmsir menn úr atvinnulífinu“. Í 6. tbl. *Frjálsrar verslunar* 2001 birtust tekjur manna fyrir árið 2000. Þar var Jón Ólafsson með 99 þús. kr. mánaðartekjur (15. bls.). Hann var sem fyrir tekjulægstur allra, sem upp voru taldir undir liðnum „Ýmsir menn úr atvinnulífinu“. Í 6. tbl. *Frjálsrar verslunar* 2002 birtust tekjur manna fyrir árið 2001. Þar var Jón Ólafsson með 1.905 þús. kr. mánaðartekjur (12. bls.). Hann var þá ofarlega á listanum „Ýmsir menn úr

atvinnulífinu“. Til samanburðar má þó nefna, að Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður Flugleiða, hafði 2.267 þús. kr. mánaðartekjur og Þóra Guðmundsdóttir í Atlanta 1.918 þús. kr.

Samkvæmt þessu hafa mánaðartekjur Jóns Ólafssonar verið þessar tímabilið 1997-2001:

1997 803 þús. kr.

1998 79 þús. kr.

1999 33 þús. kr.

2000 99 þús. kr.

2001 1.905 þús. kr.

Jón keypti sér að vísu hús í Lundúnum 1998, en hann seldi ekki eignir sínar og rekstur á Íslandi fyrr en 2003. Hann gerðist líka sem fyrr segir ræðismaður Indónesíu á Íslandi vorið 2001. Það merkir, að hann hefur litið á sig sem Íslending.

Jón Ólafsson reyndi hvergi að fela, að hann hélt sig ríkmannlega. Í 19. tbl. *Séð og heyrt* 1996 voru þau Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir á forsíðu yfir fyrirsögninni „Jón og Helga í Skífunni: Ríkustu hjón á Íslandi?“ Inni í blaðinu var frásögn af 20 ára afmæli Skífunnar, sem haldið var í Óperukjallaranum. Í 1. tbl. *Séð og heyrt* 1999, ári eftir að Jón fluttist til Lundúna að eigin sögn, voru þau Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir á forsíðu ásamt fleira fólki, sem voru gestir á nýársfagnaði í Perlunni. Fyrirsögnin var „Sjáið kjólana og skartið!“ Undir mynd af þeim Jóni og Helgu inni í blaðinu sagði:

Fann tískukjólinn í Flórída! Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir voru glæsileg að vanda. Jón var í Armani-smóking, en Helga var í mjög sérstökum kjól, sem birtist í heilsíðu auglýsingu í Vogue á liðnu ári. Hún sá hann þar fyrst, en rakst síðan á hann fyrir tilviljun í búðarflugga í Flórída. Armbandið fékk hún í jólagjöf frá Jóni, en krossinn fékk hún í 20 ára brúðkaupsafmælisgjöf frá eiginmanninum.

Þar sagði einnig, að miðinn hefði kostað 11.200 krónur á mann, 22.400 krónur fyrir þau tvö.

Í DV 22. febrúar 1999 sagði:

Jón Ólafsson viðskiptajöfur dó ekki ráðalaus um helgina, þegar hann ásamt fjögurra manna fjölskyldu var á skíðaferðalagi í bænum Lech í Austurríki. Snjó hafði kyngt

niður í bænum undanfarna daga — alls ekki minna en 60 cm á dag — og allt var ófært. Jón og fjölskylda ásamt fjölmörgum Íslendingum urðu innlyksa í þorpinu. Eina von þeirra, sem þurftu nauðsynlega að komast burt, var þyrta. Jón pantaði eina slíka frá München, og að sögn var ekki liðinn nema klukktími, þar til vélin lenti fyrir framan hótél fjölskyldunnar í Lech. Jón og fjölskylda flugu með þyrlunni frá Lech til München, þaðan sem hann flaug til London. Hann mun hafa verið eini maðurinn á svæðinu, sem greip til þess ráðs að panta þyrta.

Í 1. tbl. *Séð og heyrt* 2000, tveimur árum eftir húsa kaupin í Lundúnum, voru þau Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir á forsíðu ásamt fleira fólki, sem voru gestir á nýársfagnaði í Perlunni. Fyrirsögnin er „Sjáið fína fólkið kjólana og skartið!“ Við mynd af þeim inni í blaðinu sagði:

Norðurljósahjónin! Það var náttúrlegur blær yfir kjól Helgu Hilmarsdóttur en hann var í sömu litatónum og norðurljósinn sem þau Jón Ólafsson kenna fyrirtæki sitt við. Þau hjónin eru búsett í London en þar fékk Helga kjólinn sem hannaður er af Ronnit Zilkha. Kögursamkvæmisveskið er eftir sama hönnuð en skartgripirnir eru gjafir frá eiginmanninum sem klæddist Armani smóking.

Í 1. tbl. *Séð og heyrt* 2001 voru þau Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir á mynd í frásögn frá áramótafagnaði í Perlunni. Við myndina sagði:

Þótt Norðurljósahjónin Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir séu búsett í London, láta þau sig aldrei vanta á nýársfagnað Perlunnar. Óvenjuleg hárgreiðsla Helgu var eftirtektarverð og fíngerðu gullkeðjurnar, sem hún bar um hálsinn. Jón klæddist klassískum Armani smóking en þema hjónanna var einfaldleiki og dökkir litir að þessu sinni.

Í 47. tbl. *Séð og heyrt* 2001 voru þau Jón Ólafsson og Helga Hilmarsdóttir á forsíðu yfir fyrirsögninni „Jón Ólafsson og Helga í Skífunni: Héldu dúndur poppveislu!“ Inni í blaðinu var opna með myndum úr 25 ára afmælisfagnaði Skífunnar. Þar sagði meðal annars, að Jón hefði verið látlaus í klæðaburði og leyft konu sinni að njóta sín:

Hún gerði það svo sannarlega og stórglæsilegur Prada kjóllinn hennar vakti mikla athygli. Með honum bar hún voldugt gullhálsmen og lítið Louis Vuitton samkvæmisveski.

Einnig var sagt, að ekkert hefði verið sparað til veislunnar, sem haldin var á Nasa við Austurvöll.

Í 49. tbl. *Séð og heyrt* 2001 er mynd af Helgu Hilmarsdóttur á forsíðu yfir fyrirsögninni „Helga Hilmarsdóttir hefur dýran smekk: Klæddist 160 þúsund

króna kjól!“ Í frásögn inni í blaðinu sagði, að hún hefði borið tösku í nýlegu samkvæmi, sem hefði kostað 60 þúsund krónur. Enn fremur sagði:

Í tekjublaði Frjálsrar verslunar, sem kom út á þessu ári, kemur fram, að Jón Ólafsson hafi haft 99 þúsund krónur í mánaðarlaun á síðasta ári. Af fatnaði Helgu að dæma hlýtur innkoma heimilisins að hafa tekið stökkbreytingum frá því í fyrra eða hvað?

Í 10. tbl. *Séð og heyrt* 2002 var mynd af Jóni Ólafssyni og Helgu Hilmarsdóttur yfir fyrirsögninni „Jón Ólafsson og Helga lifa hátt í London: Sjáið nýja húsið þeirra!“ Þetta var raunar sú mynd, sem birtist á heimasíðu Hannesar H. Gissurarsonar með myndatextanum, sem Jón stefndi honum fyrir í Lundúnum. Inni í blaðinu sagði meðal annars:

Þó að næði um viðskiptajöfurinn Jón Ólafsson og fyrirtæki hans á Íslandi er farið að vora í hverfinu hans í London. Séð og heyrt er fyrst til að sýna nýja húsið hans Jóns í London, sem hann keypti fyrir milljónir punda af rokkstjörnunni Crissie Hynde.

Í fréttinni kom fram, að Jón og fjölskylda hans hefði áður átt annað hús, minna, við sömu götu. Gera mætti ráð fyrir, að húsið hefði ekki kostað undir þremur milljónum punda. Einnig sagði í blaðinu:

Séð og heyrt hefur heimildir fyrir því, að meðal gesta Jóns og Helgu í nýja húsinu hafi t. d. verið Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og eiginmaður hennar, Hjörleifur Sveinbjörnsson ... .

Þá sagði í myndatexta: „Jón og Helga búa vel, þar sem þau hreiðra um sig. Þau eiga glæsivillu í Hlíðunum í Reykjavík, rokkstjörnuhús í London og hús í Cannes í S-Frakklendi.“

Sjá mátti af ofangreindu, hversu miklu munaðarlífi Jón og fjölskylda hans lifðu þrátt fyrir lágar tekjur á Íslandi. Hannes H. Gissurarson var ekki hinn eini, sem veitti því athygli. Skattrannsóknastjóri tók fyrirtæki Jóns til rannsóknar 21. febrúar 2002. Beindist rannsóknin að tímabilinu 1996-2001. Ári síðar birtist skýrsla skattrannsóknastjóra í *Morgunblaðinu*, 14. febrúar 2003, en samkvæmt henni hafði Jón ekki talið fram allar tekjur sínar og eignir. Einnig hafði hann látið færa margvíslegan kostnað á fyrirtæki sín á Íslandi. Meðal annars var það staðfest, sem haldið hafði verið fram opinberlega á Íslandi, að Jón hafði gert Norðurljósum árlega háa reikninga fyrir „ráðgjöf“ og fengið þá greidda:

1998 31.705.788 kr.  
1999 52.309.854 kr.  
2000 49.594.623 kr.  
2001 70.480.700 kr.

Jón greiddi ekki tekjuskatt af þessari háu þóknun sinni, heldur hafði hann í árslok 1997 stofnað fyrirtækið Inuit Enterprises á Bresku Jómfrúreyjum í Karíbahafi. Það hafði fengið ráðgjafarlaun hans greidd og einnig keypt fyrirtæki hans á Íslandi lágu verði, svo að hugsanlegur söluhagnaður þeirra yrði ekki skattskyldur á Íslandi.

Einnig kom fram í skýrslu skattrannsóknastjóra, að Jón Ólafsson hefði látið Norðurljós greiða margvíslegan kostnað, sem telja yrði persónulegan, til dæmis laun aðstoðarstúlku að nafni Barbel Gamsu, sem starfað hefði á heimili Jóns að 66 Canfield Gardens í Lundúnum árið 2001 (þar sem Jón hélt samkvæmt upplýsingum *Séð og heyrt* gestaboð fyrir íslenska stjórnámálamenn). Skattrannsóknastjóri minnti á í skýrslu sinni, að Jón væri umboðsmaður erlendis ríkis á Íslandi, ræðismaður Indónesíu, og með lögheimili á Íslandi. Hann benti á, að samkvæmt upplýsingum sínum frá breskum skattyfirvöldum hefðu engin gögn borist þeim frá Jóni Ólafssyni. Hann benti einnig á, að meginhluti starfsemi Inuit Enterprises hefði farið fram hér á landi. Samkvæmt ársreikningi fyrir 2000-2001 hefðu fjárfestingar, sem ekki tengdust Íslandi, aðeins verið 6%. Samkvæmt *Jónsbók 2005* nemur „ítrasta krafa skattsins“ nú „600 milljónum“ (bls. 475). Ekki er ljóst, hvort átt er við vangoldin opinber gjöld eða vantaldar tekjur og eignir til skatts. En auðvitað eru þetta verulegar fjárhæðir.

Um ummæli Hannesar H. Gissurarsonar um skattamál Jóns Ólafssonar er hið sama að segja og annað, sem hér hefur verið rakið, að fullt tilefni var til þeirra, enda hafa aðrir vissulega vakið athygli á hinu sama.

Fylgiskjöl:

- Viðtal við Jón Ólafsson í *Heimsmynd*, 2. tbl. 2. árg. maí 1987.  
Fréttagrein í *Pressunni* 11. október 1990.  
Fréttaskýring um Jón Ólafsson í *Heimsmynd*, 9. tbl. 5. árg. 1990.  
Fréttagrein um Jón Ólafsson í *Morgunpóstinum* 23. mars 1995.  
Forsíða *Helgarpóstsins* 10. ágúst 1995.  
Forsíða *Helgarpóstsins* 17. ágúst 1995.  
Forsíða *Helgarpóstsins* 12. júní 1997.  
Forsíða *Helgarpóstsins* 5. júní 1997.  
Grein um Jón Ólafsson í *Heimsmynd*, 4. tbl. 12. árg. 1997.  
Frétt um Jón Ólafsson í *Séð og heyrt*, 10. tbl. 2002.  
Forsíða *Morgunblaðsins* 14. febrúar 2003.  
Fundargerð borgarráðs 13. apríl 1999.  
Fundargerð borgarráðs 21. febrúar 1995.